

gjaldi af hinum slátraða grip og standa skil á því til innheimtumanna. Gildir þetta ákvæði um allar tegundir sláturgripa, sauðfé, hross, nautgripi, fugla og svín.

Hið lögboðna gjald skal tekið af áætluðu verði, er innheimtumaður áætla, þó er greiðanda heimilt að gera athugasemdir við þá áætlun, og fer þá meðferð athugasemdar hans eftir ákvæðum 5. greinar þessarar reglugerðar.

Skýlt er nefndum aðilum að afhenda þeim, sem innheimta gjaldsins er falin, skýrslur um móttekið vörumagn og verð fyrir þær til framleiðenda, samkvæmt því, sem nánar greinir í reglugerð þessari.

Reglugerðarbreyting þessi er gerð skv. lögum nr. 75 25. apríl 1962 um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 10. september 1969.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Nr. 230.

2. september 1969.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð séra Ingólfs Þorvaldssonar fyrrv. sóknarprests í Ólafsfirði, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 2. september 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð sr. Ingólfs Þorvaldssonar fyrrv. sóknarprests í Ólafsfirði.

1. gr.

Stofnendur sjóðsins eru eiginkona og ættingjar sr. Ingólfs Þorvaldssonar, fyrrverandi sóknarprests í Ólafsfirði, frú Anna Nordal, Hagamel 45, Reykjavík, Vilhjálmur Ingólfsson og Álfheiður Jónsdóttir, Safamýri 50, Reykjavík, Ragnar Ingólfsson og Sigurborg Sigurjónsdóttir, Ljósheimum 14, Reykjavík, og Sigurður Ingólfsson og Jóhanna Guðmundsdóttir, Birkihvammi 9, Kópavogi.

Stofndagur sjóðsins er 1. febrúar 1969.

2. gr.

Stofnframlag er 5000 stk. minningarspjöld, sem seljast skulu á kr. 50.00 hvert stykki og skal það vera lágmarksgjald, en heimilt er að greiða hærri fjárhæð og skal sú upphæð, sem þannig er greidd hverju sinni, vera framlag í sjóðinn. Hækka má lágmarksgjaldið.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í sparisjóði eða banka.

4. gr.

Tekjum sjóðsins skal verja til þess að fegra garðinn í kringum Ólafsfjarðarkirkju. Einnig má verja tekjum sjóðsins til að fegra kirkjuna að innan, þegar þurfa þykir. Ef sjóðnum skyldu áskotnast nægar tekjur í framtíðinni, má nota

þær til þess að styrkja byggingu nýs minnisvarða um drukknada frá Ólafsfirði, þegar sá minnisvarði, sem nú er í garði kirkjunnar, er fullsettur.

5. gr.

Málefnum sjóðsins er stjórnað af Hallgrímsnefnd Ólafsfjarðar í samræmi við þessa skipulagsskrá. Skal nefndin halda nákvæmt bókhald um tekjur og gjöld sjóðsins, sem skulu endurskoðaðir og lagðir fram um hver áramót. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

16. september 1969.

Nr. 231.

REGLUGERÐ

um 6. flokk veðdeildar Búnaðarbanka Íslands.

1. gr.

Veðdeildinni er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og verða þau kölluð 6. flokkur. Ákvæði 16. gr. 3. mgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941 tekur ekki til þessa flokks bankavaxtabréfa.

Fjárhæðir bréfanna skulu vera 100 000.00, 50 000.00, 10 000.00 og 5 000.00 krónur og skal hver deild hafa sérstakt bókstafseinkenni, en hvert bréf tölusett. Bankavaxtabréfunum skulu fylgja 20 vaxtamiðar.

Bankavaxtabréfin skulu afhent eingöngu til greiðslu á lausaskuldum bænda vegna framkvæmda, fjárfestingar og jarðakaupa, sem þeir hafa ráðist í á árunum 1961—1968, að háðum meðtöldum.

2. gr.

Til tryggingar bankavaxtabréfum þessum er:

1. Veðskuldabréf þau, sem veðdeildarflokkurinn fær frá lántakendum.
2. Varasjóður veðdeildarflokksins.
3. Ábyrgð ríkissjóðs.

Ef taka þarf til trygginganna, skal það gert í þeirri röð, sem að framan greinir.

3. gr.

Vextir af bankavaxtabréfunum skulu vera 8½% á ári, er greiðast eftir á fyrir eitt ár í senn hinn 2. maí ár hvert.

4. gr.

Afborgun og endurgreiðslum lána skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna og fer eftir hlutkesti, sem notarius publicus hefur umsjón með. Þegar hlutkesti hefur farið fram, skal auglýsa í Lögbirtingarblaðinu með 6 mánaða fyrirvera, tölurnar á bankavaxtabréfum þeim, er upp hafa komið til innlausnar. Gjald-dagi innleysta bréfa og vaxtamiða er 2. maí ár hvert.

5. gr.

Fé veðdeildarflokksins má lána gegn veði í fasteignum bænda. Lánsfjárhæðin má eigi vera hærri en svo, að hún, ásamt áhvílandi skuldum á fyrri veðréttum fari ekki fram úr 75% af matsverði veðsins.